

September 2008

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki


Starfsendurhæfingar Vestfjarða.

gjörir kunnugt:

Að hér með staðfestist skipulagsskrá fyrir Starfsendurhæfingu Vestfjarða, sem fest er hér við og geymd er hjá Sýslumanninum á Sauðárkróki í staðfestu ljósriti.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 29.september 2008.

Helgi M. Ólafsson



Staðfesting
á skipulagsskrá fyrir Starfsendurhæfingu Vestfjarða

Gjald kr.5000,-

SKIPULAGSSKRÁ

Starfsendurhæfingar Vestfjarða.

1.gr

Heimili og Varnarþing.

Starfsendurhæfing Vestfjarða er sjálfseignarstofnun og sjóður með sérstaka stjórn. Heimili og varnarþing hennar er á Ísafirði. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum en er ekki rekin í ágóðaskyni og er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2.gr

Markmið.

Markmið Starfsendurhæfingar Vestfjarða eru eftirfarandi:

- Að endurhæfa þátttakendur til atvinnuþátttöku.
- Að auka lífsgæði þátttakenda og fjölskyldna þeirra.
- Að þátttakendur fari í atvinnu og/eða nám að endurhæfingu lokinni.
- Að endurhæfing fari fram í heimabyggð.

Starfsendurhæfing Vestfjarða býður upp á heildstæða meðferð við vanda hvers þátttakanda í samvinnu við félags- og heilbrigðismálayfirvöld og mennta- og fræðslustofnanir og aðra hagsmunaaðila á Vestfjörðum. Þátttakendur eru sjálfir virkir í endurhæfingu sinni frá upphafi þar sem þeir koma með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlana.

3. gr

Stofnaðilar.

Stofnendur Starfsendurhæfingar Vestfjarða eru:

Ísafjarðarbær kt. 540596-2639, Bolungarvíkurkaupstaður kt. 480774-0279, Súðavíkurhreppur kt 630269-4589, Vesturbyggð kt. 510694-2369, Tálknafjarðarhreppur kt. 640269-6779, Reykhólahreppur kt. 440787-2589, Strandabyggð kt 570806-0410, Kaldrananeshreppur kt 680169-0719, Fjórðungssamband Vestfirðinga kt. 700573-0799, Vinnumálastofnum á Vestfjörðum kt. 700594-2039, Heilbrigðisstofnunin,

Ísafjarðarbæ kt. 551297-2689, Heilbrigðisstofnunin á Hól mavík kt. 481797-2739, Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði 571297-2059, Háskólasetur Vestfjarða kt. 610705-0220, Fræðslumiðstöð Vestfjarða kt. 511199-2049, Fjölmenningarsetur kt. 540169-4119, Lífeyrissjóður Vestfirðinga kt. 490671-0809, Verkalýðsfélag Vestfirðinga kt 650102-3470, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur kt. 650974-0189 og Félag járníðnaðarmanna, Ísafirði kt. 590272-0199, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum kt. 451275-1359.

4. gr

Stjórn.

Stjórn Starfsendurhæfingar Vestfjarða er skipuð fimm fulltrúum stofnfélaga og fimm til vara. Stjórn er kosin á ársfundi til tveggja ára, þó einnig að tveir fulltrúar eru kosnir annað árið og þrír hitt árið. Á fyrsta ársfundi skulu kosnir tveir stjórnarmenn til eins árs og þrír til tveggja ára. Stjórn skiptir með sér verkum.

5. gr

Starfshættir stjórnar.

Stjórn Starfsendurhæfingar Vestfjarða vinnur í samræmi við markmið stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd m.a. gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Stjórnin ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður meginþætti í stefnu og starfstilhögun stofnunarinnar og setur sér og forstöðumanni starfsreglur. Stjórnarfundir skal halda svo oft sem nauðsyn krefur en þó ekki sjaldnar er ársfjórðungslega. Formaður undirbýr stjórnarfundir í samráði við forstöðumann sem boðar til þeirra með hæfilegum fyrirvara og tryggilegum hætti. Einfaldur meirihluti gildir á stjórnarfundum. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð máls ef málefnið varðar hann persónulega.

6. gr

Forstöðumaður.

Stjórn Starfsendurhæfingar Vestfjarða ræður forstöðumann. Forstöðumaður ber ábyrgð gagnvart stjórn stofnunarinnar í samræmi við starfslýsingu sem samþykkt skal í stjórninni. Forstöðumaður annast daglegan rekstur, ræður annað starfsfólk stofnunarinnar, vinnur að fjáröflun og ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningskilum. Forstöðumaður undirbýr fjárhagsáætlun, sem stjórn skal afgreiða fyrir lok nóvember ár hvert. Samninga við aðra aðila um rekstur eða þjónustu í þágu starfsendurhæfingarinnar skal leggja fyrir stjórn til samþykktar. Forstöðumaður skal sitja stjórnarfundir með málfrelsi og tillögurétt.

7. gr

Ársfundur.

Stjórnin boðar stofnaðila til ársfundar sem haldinn skal eigi síðar en í apríl lok ár hvert. Á ársfundi gerir stjórnin grein fyrir starfi stofnunarinnar og leggur fram ársreikninga til samþykktar. Endurskoðaður ársreikningur skal ligga frammi til kynningar minnst viku fyrir ársfund. Á ársfundi skal jafnframt kjósa löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga stofnunarinnar og fulltrúa í stjórn. Einfaldur meirihluti atkvæða gildir og fer hver stjórnarmaður með eitt atkvæði. Ársfund skal boða skriflega með tveggja vikna fyrirvara hið skemmsta. Tillagna um breytingar á skipulagsskrá skal getið sérstaklega í fundarboði. Tillögur um breytingar á stofnskrá og/eða aðrar tillögur til ársfundar skulu berast formanni stjórnar ekki síðar en 20. mars ár hvert.

Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla formanns.
2. Skýrsla forstöðumanns.
3. Ársreikningur liðins árs kynntur og lagður fram til samþykktar.
4. Breytingar á skipulagsskrá (ef við á).
5. Kosning til stjórnar sbr. 4. gr.
6. Kosning endurskoðenda.
7. Önnur mál.

8.gr

Aukaársfundur.

Stjórn getur boðað til aukaársfundar ef nauðsyn krefur. Skal fundurinn boðaður með svo miklum fyrirvara sem unnt er. Aukaársfundur skal boðaður með dagskrá með minnst viku fyrirvara og telst hann löglegur ef minnst $\frac{3}{4}$ stjórnarmanna sækja fundinn.

9.gr

Reikningskil og endurskoðun.

Reikningsár Starfsendurhæfingar Vestfjarða er frá 1. janúar til 31. desember. Fyrsta reikningsár er frá stofnun sjóðsins til næstu áramóta. Um reikningshald fer samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Reikningar Starfsendurhæfingar Vestfjarða skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda. Endurskoðandi skal leggja endurskoðaðan ársreikning fyrir stjórn fyrir lok febrúar mánaðar. Endurskoðaðan reikning ber að senda til Ríkisendurskoðunar þegar hann hefur hlotið samþykki ársfundar og skal honum fylgja skýrsla um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á árinu. Samhliða framlagningu ársreiknings í stjórn skal forstöðumaður leggja fram skýrslu sína um starfsemi síðasta árs.

10.gr

Tekjur.

Tekjur Starfsendurhæfingar Vestfjarða, auk vaxta af stofnframlagi, eru tekjur af þjónustu og framlög frá ríki, sveitarfélögum, samtökum, fyrirtækjum og einstaklingum. Stofnfé Starfsendurhæfingar Vestfjarða er framlög ofangreindra stofnaðila, sem hver um sig leggur fram kr. 100.000.- (eitt hundrað þúsund krónur) við undirritun stofnskrár. Þar af er óskerðanlegt stofnfé kr 1000.000.- (ein milljón krónur). Verði hagnaður af starfsemi Starfsendurhæfingar Vestfjarða skal honum varið í samræmi við markmið stofnskrár til almenningsheilla, sbr. 4. tl. 4.gr. laga nr. 90/2003.

11.gr

Samstarf við aðra aðila.

Starfsendurhæfing Vestfjarða getur átt samstarf við aðra aðila og gert við þá samninga til lengri eða skemmri tíma til að vinna að markmiðum stofnunarinnar.

12.gr

Breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt ef 2/3 huta stjórnarmanna samþykkja það á ársfundi sem úrskurðaður hefur verið lögmætur enda hafi tillaga til breytinga verið sérstaklega kynnt í fundarboði.

13.gr

Slit á Starfsendurhæfingu Vestfjarða.

Starfsemi Starfsendurhæfingar Vestfjarða verður einungis slitið með ákvörðun 2/3 hluta stjórnarmanna á ársfundi. Verði starfsemi Starfsendurhæfingar Vestfjarða hætt og starfsendurhæfingin lögð niður skal eignum hennar ráðstafað í samræmi við markmið stofnunarinnar.

14.gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari, sem og breytingum sem kunna að verða gerðar á henni.

Skipulagsskrá þessi var staðfest á stofnfundi Starfsendurhæfingar Vestfjarða

þann 25. september 2008

Stjórn Starfsendurhæfingar Vestfjarða

Andri Snellur Gissurardóttir

Blanz S. Súlisdóttir

Sigruney Gunnarsdóttir


Gravitas Lásdóttir

Atabekur Þórhannsson

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sauðárkróki 29. sept. 2008.

Ólafur Þórhannsson



Melgi Mái Ólafsson